



UPPLÝSINGASTEFNA HAFNARFJARÐARBÆJAR

Í upplýsingastefnu Hafnarfjarðarbæjar er kveðið á um ýmis atriði sem varða meðferð upplýsinga milli starfsmanna, deilda og stofnana annars vegar og flæði upplýsinga til og frá stofnunum bæjarfélagsins hins vegar. Á grundvelli stefnunnar eru settar fram reglur og gæðafærslur sem snúa að aðgengi að upplýsingum.

MARKMIÐ

Að bæjarbúar, starfsmenn, fyrirtæki bæjarins og fjölmiðlar séu almennt upplýstir um málefni og starfsemi bæjarfélagsins og um möguleika til þess að koma skoðunum á framfæri. Stefna Hafnarfjarðarbæjar í upplýsingamálum á að vera öllum ljós og til þess fallin að auka gagnkvæmt traust í samskiptum bæjarbúa og bæjaryfirvalda.

UPPLÝSINGAR SÉU AÐGENGILEGAR OG SETTAR FRAM MEÐ SKÝRUM OG EINFÖLDUM HÆTTI

Aðgangur að gögnum og upplýsingum tekur mið af upplýsingalögum nr. 50/1996 þar sem kveðið er á um að upplýsingar skuli að öllu jöfnu vera aðgengilegar. Það meginákvæði og sú almenna regla um opna stjórnáslu sem fram kemur í 16. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, um að fundir sveitarstjórna skuli haldnir fyrir opnum dyrum, auk annarra laga sem varða stjórnáslu og meðferð persónuupplýsinga, eru undirstaða þeirra ákvæða sem finna má í stefnu þessari og takmarka aðgengi að upplýsingum eftir því sem við á hverju sinni. Hér má enn fremur vísa t.d. til nokkurra greina stjórnáslulaga nr. 37/1993, s.s. 7. gr. um leiðbeiningarskyldu og 15.-17. gr. sömu laga um upplýsingarétt.


Allir þeir sem þurfa upplýsingar og/eða þjónustu frá bæjarfélaginu eiga möguleika á að reka erindi og mál á vefnum www.hafnarfjordur.is með öruggum hætti. Þeir sem ekki nýta sér rafræna stjórnáslu bæjarins geta snúið sér til þjónustuværs Hafnarfjarðar.

Bæjarbúar eiga rétt á upplýsingum sem varðar þá persónulega eða velferð þeirra sem hluta af heild. Einnig eiga þeir rétt á upplýsingum um rökstuðning sem liggur að baki ákvörðunum ráða og bæjarstjórnar.

Sérstakar verklagsreglur gilda um aðgengi bæjarfulltrúa að gögnum sbr. samþykkt bæjarstjórnar.

FRUMKVÆÐI Í MIÐLUN UPPLÝSINGA

Hafnarfjarðarbær á að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf til íbúa og starfsmanna um stefnu, þjónustu, starfsemi og þær ákvarðanir sem varða hag bæjarbúa. Hafnarfjarðarbær kappkostar einnig að veita bæjarbúum hratt og örugglega þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar við sérstakar aðstæður.



AUÐKENNI

Allt efni sem fer frá Hafnarfjarðarbæ og fyrirtækjum tengdum bænum skal auðkennt með merki bæjarins. Stofnanir sem hafa tekið upp eigin merki geta notað þau ásamt nafni eða merki bæjarins. Að öðru leyti er vísað í verklagsreglur um notkun á merki bæjarins.

HEIMASÍÐA BÆJARINS

Heimasíða bæjarins á að vera gagnvirk og þar á að vera hægt að nálgast upplýsingar og sinna öllum erindum við bæjarfélagið ásamt vísun til frekari upplýsinga og viðkomandi ábyrgðarmanna. Að öðru leyti er vísað í verklagsreglur sem gilda um vef Hafnarfjarðarbæjar.

ÁBYRGÐ

Upplýsingamiðlun er mikilvægur hluti af allri starfsemi Hafnarfjarðarbæjar. Stjórnendur og starfsmenn allra sviða, stofnana og deilda Hafnarfjarðarbæjar bera sameiginlega ábyrgð á útfærslu upplýsingastefnunnar og að markmiðum bæjarins sé náð í þeim málum. Upplýsingafulltrúi ber ábyrgð á samræmingu í upplýsingamálum og eftirfylgni.

GILDISTAKA

Upplýsingastefna þessi var fyrst samþykkt á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 24. október 2000 og óðlaðist gildi 1. janúar 2001. Endurskoðuð og samþykkt 18. maí 2004. Stefnan skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti og var endurskoðuð stefna samþykkt á fundi bæjarstjórnar 2.júní 2009.